

# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA


---

Fréttir og félagsmál

---

Án þess sannleika, sem hægt sé að byggja á nægilega fullkomna lífvernisfræði, getur öld hins óbrigðula friðar ekki hafist á jörðu vorri.

*Helgi Pjeturss*



---

Útgefandi: Félag Nýalssinna.  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:  
Ingvar Agnarsson.

# Suttungamjöður

(Sjá mynd á forsíðu af flugi Óðins og Suttungs)

Í Eddu Snorra Sturlusonar segir frá Kvasi, er svo var vitur, að hann kunni úrlausn allra hluta. En dvergarnir Fjalar og Galar drápu hann og létu blóð hans renna í tvö ker er heita Són og Boðn og í einn ketil er heitir Óðrerir. „*Peir blendu bunangi við blóðit, ok varð þar af mjöðr sá, er hverr, er af drekkr, verðr skáld eða fræðimaðr.*“

Síðar komst mjöður þessi hinn eftirsótti í hendur jötni þeim er Suttungur hét, og er því kallaður Suttungamjöður ásamt öðrum nöfnum. Suttungur jötunn fól Gunnlöðu dóttur sinni að gæta mjaðarins, þar sem heita Hnitbjörg.

Óðinn lagði hug á að komast yfir mjöðinn. Sótti hann „*til náttstaðar til jötuns þess, er Baugi hét bróðir Suttungs*“ . . . „*En Óðinn nefndist fyrir honum Bólverkr*“.

Síðan komst Óðinn með brögðum þangað sem Gunnlöð var, og segir Snorri svo frá framhaldinu:

„*Fór Bólverkr þar til, sem Gunnlöð var, ok lá hjá henni þrjár nætr, ok þá lofaði hon honum at drekka af miðinum þrjá drykki. Í inum fyrsta drykk drakk hann allt ór Óðreri, en í öðrum ór Boðn, í inum þridja ór Són, ok hafði hann þá allan mjöðinn. Þá brást hann í arnarham ok flaug sem ákafast.*

En er Suttungr sá flug arnarins, tók hann sér arnarham ok flaug eftir honum. En er æsir sá, hvar Óðinn flaug, þá settu þeir út í garðinn ker sín, en er Óðinn kom inn of Ásgarð, þá spýtti hann upp miðinum í kerin, en honum var þá svo nær komit, at Suttungr myndi ná honum, at hann sendi aðr suman mjöðinn, ok var þess ekki gætt. Hafði þat hverr, er vildi, ok köllum vér þat skáldfífla blut. En Suttungamjöð gaf Óðinn ásunum ok þeim mönnum, er yrkja kunnu. Pví köllum vér skáldskapinn feng Óðins ok fund ok drykk hans ok gjöf hans ok drykk ásanna.“

Myndin á forsíðu er úr bókinni Gudar och hjälter i Norden, eftir Anders Bæksted og á að sýna flug Óðins í arnarham og flug Suttungs jötuns, þar sem hann eltar Óðinn sem ákafast „*inn af Ásgarð*“, en æsir hafa séð flug þeirra og borið ker sín út í garðinn.

Ingvar Agnarsson.

# **Fréttir af félagsstarfi**

## **Framhaldsaðalfundur 3. maí 1978.**

*Framhaldsaðalfundur* var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 3. maí 1978, að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi og hófst hann kl. 21,00.

Fundinn sóttu um 65 manns.

*Formaður Kjartan Norðdahl* setti fundinn og bað Benedikt Björnsson að taka að sér fundarstjórn og Ingvar Agnarsson að taka að sér fundarritun.

Dagskrárlíðir fundarins eru þeir sem ekki vannst tími til að ræða á sl. fundi, þ. e.:

*Stjórnarkjör.*

*Tillaga um landsölu.*

*Önnur mál.*

*Ritari, Ingvar Agnarsson* las upp fundargerð síðasta fundar og voru þar nokkur atriði, sem þurfa leiðréttigar við.

*Fundarstjóri, Benedikt Björnsson*, bar upp þá tillögu, að fundargerðin með leiðréttigum skuli lesast upp aftur á næsta félagsfundi. Var þessi tillaga hans samþykkt.

Síðan voru lesin upp nöfn þeirra, sem óska inngöngu í félagið, en þeir voru þessir:

*Vera Friðriksdóttir*, Nökkvavogi 2, Rvík, sími 36275.

*Guðjón Kristmannsson*, Holtsgötu 18, Rvík, sími 12607.

Var inntaka þeirra í félagið samþykkt af fundargestum.

*Formaður minntist félaga*, sem láttist hafa á liðnu starfsári, en þeir eru þessir:

*Valdimar Guðlaugsson*, Safamýri 33.

*Haraldur Jónsson*, Laugavegi 155.

*Pórarinn Helgason* frá Pykkvabæ, Laugarnesvegi 64.

*Indriði Pórðarson*, Keisbakka, Skógarströnd, Snæfellsnessýslu.

*Ólafur Pórðarson*, Reykjalandi.

*Kjartan Norðdahl* skýrði frá ástæðum til frestuunar stjórnarkjörs til þessa fundar.

*Kjartan* las upp greinargerð frá Valgarði Briem, lögfræðingi, um skilning hans á 4. gr. laga F. N. og álit frá ritara Læknafélags Íslands.

*Kjartan Norðdahl* bar fram eftirfarandi tillögu og greinargerð frá Gunnari Grímssyni viðvíkjandi 4. grein um stjórnarkjör, svo hljóðandi:

Á aðalfundi F. N. sem haldinn var 5. apríl s. l. deildu menn um skilning á þeirri grein laga félagsins sem fjallar um hvernig haga skuli uppástungum manna í félagsstjórn.

Töldu sumir að slíkum uppástungum skyldi lokið á næsta fundi fyrir aðalfund, en aðrir álitu að uppástungur væru heimilar allt fram á aðalfund.

Hinir fyrnefndu hafa leitað álits hæstaréttarlögmanns um þetta atriði, sem fylgir hjá lagt. Verður ekki annað sagt en skilningur hans sé hinn sami og þeirra sem héldu því fram að uppástungum skuli lokið á næsta fundi fyrir aðalfund.

*Par sem svo virðist sem nokkrir félagsmenn hafi mis skilið þessa lagagrein eða orðið of síðbúnir með sínar uppástungur getur fundurinn fallist á að gera í þetta sinn frávik frá þessu ákvæði laganna, án þess að í því felist nokkurt fordæmi framvegis og taki til greina þær uppástungur sem fram komu á aðalfundi 5. apríl s. l. Fallist fundurinn á þetta frávik leggjum við til að skrifleg kosning fari fram, þar sem tvær eða fleiri tillögur hafa komið fram um menn í ákveðið sæti innan stjórnarinnar. — Gunnar Grímsson.*

*Þorsteinn Guðjónsson* tók til mál og benti á, að *Kjartan Norðdahl* hefði sjálfur gert breytingartillögur um þann þátt 4. gr. laganna, sem fjallar um hvenær tillaga um menn í stjórnina skuli vera komin fram. Sýndi sú tillaga að *Kjartan* teldi þar breytinga þörf.

*Guðmundur Jónsson* lagði til að tillagan yrði borin undir atkvæði, eftirfarandi hluti hennar:

Atkvæði féllu þannig að 36 studdu tillöguna en 6 voru á móti, og var hún því samþykkt.

Formaður kvað Atla Hraunfjörð vera sjálfkjörinn formann, þar sem aðrar tillögur höfðu ekki komið fram um mann í þá stöðu.

Tvær tillögur komu fram um varaformann, þau *Mörtu Sveinbjörnsdóttur* og *Pál Steinarsson* frá Hlíð.

Kosningamiðum var dreift til allra atkvæðisbærra fundarmanna, og síðan talið. Félí kjör þannig, að Marta fékk 18 atkvæði en Páll 41. (Prír seðlar voru ógildir). Páll er því kosinn varaformaður.

Tvær tillögur komu einnig fram um varamann: *Magnús Norðdahl* og *Pórhall Sigmundsson*, og var kosið um þá. Hlaut Magnús 28 atkvæði en Pórhallur 33 atkvæði (3 seðlar voru auðir). Pórhallur er því kosinn varamaður.

Endurskoðendur voru kosnir þeir sömu og áður: *Guðmundur Jónsson*, Kópsvatni og *Ægir Ólafsson*.

*Norma Samúelsdóttir* las upp ljóð eftir Hannes Hafstein.

*Landsölmál: Benedikt reifaði það mál og mælti m. a.:*

„Við þurfum að selja land til að geta staðið undir húsakaupum að Njálgötu 40. Ef við getum ekki aflað 3ja milljóna króna á þessu ári, þá getum við ekki haldið húsinu og verður þá að selja það. Og nú er erfiðara að selja hús en á fyrra ári. Þessi nýja starfsstöð hefur sannað gildi sitt. Ég veit að betur hefði mátt gera. Það er oftast hægt. En gestabók að Njálgötu 40 hefur þegar inni að halda um 600 nöfn. Er það svo mikil goðgá, að selja nokkra hektara úr 50 ha landi, til að bjarga húseigninni að Njálgötu 40? Vill einhver bera ábyrgð á því að við missum húsið vegna andstöðu við þá fjárlunarleið, að selja hluta landsins í Laugardal?

*Benedikt Björnsson* bar fram svohljóðandi tillögu:

„Í þeim tilgangi að afla fjár til afborgana og vaxta af búsi F. N. við Njálgötu 40 í Reykjavík heimilar aðalfundurinn félagsstjórn að selja allt að 5 hekturum af landi félagsins í Laugardal, enda verði söluverðið eigi lægra en ein milljón króna á hvern hektara.

*Benedikt Björnsson.*“

*Pétur Gíslason* tók til máls og minnti á það hugarþel sem bjó að baki þessarar gjafar frá gefanda landsins. Til þessara atriða verður ávallt að taka fyllsta tillit, þegar ráðstafa á slíkri gjöf.

*Guðmundur Jónsson* á Kópsvatni sagðist skilja sjónarmið Benedikts, en spurði hvort ekki mundu vera til önnur úrræði til að bjarga við fjármálum vegna húskapanna að Njálgötu 40. Hann taldi að ýmsir annmarkar væru á hagnýtingu landsins.

*Benedikt Björnsson* kvaðst hafa kynnt sér skipulagsmál Laugar-

dalshrepps og taldi, að engir annmarkar væru á því að fá byggingarleyfi á landinu.

*Halldór Vigfússon* taldi sjálfsagt að selja landið allt, til að afla fjár til húskaupanna.

*Daniel Ingi Pétursson* kvað fundina að Njálgsgötu 40 ekki vera ætlaða öllum, samkvæmt viðtali við Helga Guðlaugsson.

*Helgi* svaraði fyrir sig og kvað fundi á Njálgsgötunni vera frjálsa öllum, en sérfundir á fimmtudögum væru einkafundir sérstaks hóps.

Atkvæðaseðlum var síðan úthlutað til fundarmanna með svölfelldum texta:

*Ert þú samþykkur framkominni tillögu um heimild til sölu á bluta af landi félagsins í Laugardal?*

Já sögðu 37, nei sögðu 22 og var því ekki samþykkt, þar sem tvo þriðju hluta atkvæða þarf til slíkrar samþykktar.

Önnur mál. Fundarstjóri gerði grein fyrir tilboði Ingvars Agnars-syonar, um útgáfu Félagsblaðs Nýalssinna og tímarítsins Lífgeisla á næsta starfsári. Urðu litlar umræður um málið en samþykkt, með almennu lófataki, að taka þessu tilboði.

*Tillaga um þjóðfund: Halldór Vigfússon* bar fram svohljóðandi tillögu:

1) Ég legg til, að boðað verði til þjóðfundar um stjörnusambandsmál á Þingvöllum dagana 15.—16. júlí. Fundurinn verði auglýstur vel með það í huga að stefnt sé að heimsókn annarra stjörnubúa til þessa fundar.

2) Slíkir fundir verði haldnir einu sinni á ári. Og að boðað verði til þeirra, með öllum þeim krafti sem Nýals-sinna hafa yfir að ráða. Það er auglýsingar, og gestir verði boðaðir.

3) Vera má að fjöldi sá er sækta slikan fund verði ekki mikill, fyrsta, annað eða þriðja árið? En tilgangurinn helgar meðalið. Ef unnið er til samstillingar með áhuga-verðri stefnu þá mun hún skila þeim árangri sem ætlast er til. Það eru heimsóknir til okkar jarðar frá lengra komum mannkynjum. — *Halldór J. Vigfússon.*

Tillaga þessi var ekki borin undir atkvæði, en vísað til stjórnar.

Fráfarandi formaður Kjartan Norðdahl kvað sér hafa orðið það mikil vonbrigði að tillagan um landsölu skyldi ekki hafa náð fram að ganga. Sagði hann að slíkt skyldi verða „geymt en ekki gleymt“.

Fleiri mál voru ekki tekin til umræðu og var fundi slitið kl. 22,50.

## Félagsfundur 7. júní 1978

*Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 7. júní 1978, og hófst hann kl. 21,00.*

Fundinn sóttu 33 menn.

Hinn nýkjörni formaður félagsins *Atli Hraunfjörð*, setti fundinn og bað Magnús Skarphéðinsson að vera fundarstjóra.

*Ingvar Agnarsson* las fundargerð síðasta fundar, sem var framhaldsaðalfundur, og var hún samþykkt.

Eftirtaldir menn sóttu um aðild að féluginu:

*Elín Kristjánsdóttir*, Hvítárholti, Hrunamannahreppi.

*Sigurður Sigurmundsson*, Hvítárholti, Hrunamannahreppi.

*Guðmar Haraldsson*, Strandgötu 43, Hafnarfirði.

*Björk Helgadóttir*, Vitatorgi 8, Rvík.

*Sonja María Karlsson*, Heiðarvegi 51, Vestmannaeyjum.

*Ragnar Gunnarsson*, Grettisgötu 42 B, Rvík.

Fundarstjóri las upp nöfn þessara manna og voru þeir samþykktir sem félagsmenn.

*Kristín Sigurðardóttir* mæltist til að nýir félagar mættu við inn göngu þeirra í félagið, ef möguleikar væru á.

*Landsöllumál*. Atli Hraunfjörð las upp kauptilboð í 1 ha land í Laugardal, frá Margréti S. Bjarnadóttur, Brautarlandi 16 í Rvík fyrir kr. 1.000.000 út í hönd.

Fundarstjóri las upp samþykkt gerð á stjórnarfundi Félags Nýalssinna 30. maí, svohljóðandi:

*Tillaga:*

*Samþykkt gerð á stjórnarfundi Þrd. 30. maí 1978:*

*Stjórn Félags Nýalssinna mælir eindregið með því, að tilboði Margrétar S. Bjarnadóttur, um kaup á 1 ha af landi félagsins í Laugardal á kr. 1 milljón, verði tekið í þeim tilgangi, að greiða með þessu fé, skuld á Njáls-götu 40, sem fellur í gjalddaga 1. júlí 1978, að upphæð kr. 822.335,00, en afganginum varið til síðari afborgana af húsinu.*

*F. b. félagsstjórnar, Atli Hraunfjörð, Þorsteinn Guð-jónsson, Sigríður Jónsdóttir, Ingvar Agnarsson, Páll Steinarsson, Pórhallur Sigmundsson.*

Tillagan var borin undir atkvæði og studdu hana 23 en enginn var á móti.

*Benedikt Björnsson* kvaðst hafa kynnt sér verð á spildum lands

í Laugardal og væri nú verð á landi þar sem lækur rennur um 1,5 millj. á ha.

*Halldór Vigfússon* kvaðst hafa stungið upp á sölu alls landsins vegna þess að það hefði verið friðarspillir til þessa, og því þyrfti að losa félagið við það.

*Páll Steinarsson* kvað sér ekki lílast á að selja meira af landi en nauðsyn væri á hverjum tíma.

*Ægir Ólafsson* vildi gefa stjórninni leyfi til að mega selja 1 ha lands strax, jafnvel þótt ekki fengist nema 1,2 millj. kr. fyrir ha.

*Atli Hraunfjörð* vildi gera gagntilboð til kaupanda, en þó ekki þannig að fæla frá núverandi tilboði.

*Þorsteinn Guðjónsson* kvað ekki gott fyrir félagið að gera samþykktir um lágmarksverð, því þá vildu allir ganga á lagið og krefjast lágmarksverðs.

*Benedikt Björnsson* upplýsti enn, að land við læk sé miklu verðmeira en heiðalönd. Petta verð ætti að taka til greina, þegar selja á eitthvað af landinu í Laugardal.

*Magnús Skarphéðinsson* kvað skiljanlegt að land við læk sé miklu verðmeira en heiðalönd. En við vitum ekki enn, hvaða lönd við eignum, því mestallt landið er enn óskipt. Landinu þyrfti að skipta sem fyrst.

Hann sýndi upprátt af útmældu landi, þar sem lækur rennur í gegn.

Fundarstjóri las upp tillögu frá Helga Guðlaugssyni, svohljóðandi:

*Stjórn F. N. leggur til að húsnefndir verði starfandi til umsjónar húsnæði félagsins að Álfhólsvegi 121 og Njálgötu 40.*

*Fundurinn samþykkir að heimila stjórninni að taka framkomnu tilbodi um 1 ha lands með þeirri breytingu, að verðið verði hærra en boðið er, helst eigi lægra en 1,5 millj.*

*Helgi Guðlaugsson.*

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og var 21 með en enginn á móti.

*Húsnefndir á Álfhólsvegi 121 og á Njálgötu 40.* Atli Hraunfjörð reifaði þetta mál og sýndi fram á nauðsyn húsnefnda á báðum þessum stöðum, til að hafa umsjón með sambandsfundum og með rekstri húsanna. Urðu allmiklar umræður um þessi mál og ýmsar

fyrirspurnir bornar fram, sem Atli, Magnús o. fl. urðu til að svara. Til máls tóku: Helgi Guðlaugsson, Magnús Sigurðsson, Benedikt Björnsson, Kristín Sigurðardóttir, Pétur Gíslason og Halldór Vigfússon.

Fundarstjóri las upp svofellda tillögu:

*Verði kosin 5 manna nefnd til að taka að sér rekstur Álfhólsvegar 121 og starfstími nefndanna sé eitt ár frá þessum fundi.*

Tillaga þessi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Uppástungur komu fram um menn í húsnefnd á Álfhólsvegi 121: Árni Vigfússon, Gautur Þorsteinsson, Ingvar Agnarsson, Þor-kell Sigmundsson og Steingerður Þorsteinsdóttir.

Uppástungur um menn í húsnefnd á Njálsgötu 40: Sigurður Benediktsson, Sigríður Jónsdóttir, Gunnar Grímsson, Benedikt Björnsson og Magnús Skarphéðinsson.

Nokkrir fundargesta létu í ljós alít sitt á landsölu: þeir Magnús Norðahl, Þorsteinn Guðjónsson, Benedikt Björnsson og Páll Steinarsson.

*Önnur mál.* Pétur Gíslason mælti á þessa leið:

Við verðum að fá fræðimenn til að halda erindi í þessu félagi. Ég held að þeir vilji styðja slíkt. Tilgangurinn frá ungum Nýals-sinnum (skv. bréfi) er að koma upp miklu húsi, mikilli sambands-stöð; en fy rstverður að gera sér grein fyrir verkefninu og kunna skil á tilgangi málefnisins. Markmið félagsins er að félagið starfi á grundvelli náttúrufræðinnar.

*Katrín Söebeck* lagði til að fundir yrðu felldir niður í júlí og ágúst.

Nokkrar umræður urðu um niðurfellingu funda í júlí og ágúst. Tillaga Katrínar Söebeck um heimild til að fresta reglulegum fundum var borin undir atkvæði. Voru 8 með en 5 á móti.

Magnús Skarphéðinsson gat þess að starfshópur ungra manna hefði verið stofnaður í sambandi við Nýalsheit.

*Guðm. Ingvi Ingvason* gerði grein fyrir nýjum starfshópi ungra manna sem starfar í sambandi við Njálsgötu 40. Halda skyldi miðilsfundi með vísindalegu sniði og fá fræðimenn til að halda erindi o. fl. o. fl. Listamenn skyldu fengnir til aðstoðar. Talaði hann allmargt um ýmis mál er betur mættu fara og sem komast þyrftu í framkvæmd.

*Magnús Skarphéðinsson* tók til máls og ræddi enn um nýstofnun áðan starfshóp ungra manna á þessa leið: Ætlum að starfa á báðum stöðum í sambandi við miðlafundi, fræðslufundi, aðstoða stjórnina, aðstoða Ingvar við útgáfu Lífgeisla, við viljum vinna að útgáfu bóka, við viljum stofna útgáfufélag og setja upp bókasölu á Njálgötu 40. Við ætlum að stofna til ferðalags í júlí eða ágúst í nærsveitir, við erum búinir að fá bíl og bílstjóra. Við Við viljum að góð bókasöfn komist upp á báðum stöðunum til útlána og lesturs. Landinu í Laugardal þarf að skipta, koma þar upp sumarskála, fara þyrfti helgarferðir þangað og dvelja þar í einum skála eða fleirum. Við þyrftum að hafa þar handa okkur sjálfum afmarkaðan stóran blett, t. d. 5 ha. Við viljum aðstoða stjórnina. Við höfum unnið að endurnýjun félagatalsins, sem orðið er úrelt. Löglegir félagar eru nú 112, 30 ævifélagar, 1 héðursfélagi, 19 ætla að koma á ný í félagið (alls eru því um 150 félagsmenn). Félagsmenn eru 40% í Reykjavík, karlmenn eru 55% en konur 45%. Við ætlum að bera fram tillögur okkar til stjórnarinnar um eitt og annað, er við teljum að verða megi til bóta.

*Kristín Sigurðardóttir* las kvæði eftir Stgr. Th. *Heiðstirnd bláa hvelfing natur*, og kvað það vel til þess fallið að verða söngur Nýalssinna á félagsfundum.

*Þorsteinn Guðjónsson* kvað það ekki nýjung að fræðimenn hafi verið fengnir hingað til erindaflutnings. og taldi upp ýmis dæmi þess, að fræðimenn hafi verið fengnir til erindaflutnings á liðnum árum.

*Atli Hraunfjörð* kvað æskilegt að húsnefndirnar skili sem fyrst starfsáætlun til stjórnarinnar. Hann kvað einnig nauðsynlegt að gefinn verði út bæklingur um starfsemi félagsins, ætlaðan til dreifingar meðal félagsmanna og gesta þeirra á fundum.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 23,10.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Félagsfundur 5. júlí 1978

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 5. júlí 1978 og hófst hann kl. 21,00.

Fundinn sóttu 16 manns.

*Atli Hraunfjörð*, formaður félagsins, setti fundinn og bauð gesti velkomna.

*Ingvar Agnarsson* las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

*Nefndarstörf*: Atli Hraunfjörð gerði grein fyrir skipun ýmissa nefnda, sem taki að sér störf á ýmsum sviðum. Er þar um að ræða eftirtaldar nefndir:

1. Húsnefndir að Álfhólsvegi 121 og Njálsgötu 40.
2. Landeignanefnd.
3. Verslunarnefnd.
4. Þjóðfundanefnd.

Atli las upp greinargerðir fyrir hverja þessara nefnda um sig, og um þá menn er sæti eiga í viðkomandi nefndum.

Fara þessar greinargerðir hér á eftir:

#### *I. HÚSNEFNDIR:*

*Skipaðar haða verið húsnefndir að Álfhólsvegi 121 og Njálsgötu 40.*

*Húsnefnd Stjörnusambandsstöðvarinnar mun standa að sambandstilraun (miðilsf.) framvegis á manudögum, og húsnefnd Nýalsbúðar framvegis á fimmtudögum kl. 21.*

*Rétt til þáttöku eiga allir félagsmenn og mega haða með sér 2 gesti, eftir að haða kynnt fyrir þeim tilraunir og tilgang félagsins.*

*Æskilegt er að tilkynna um gesti tímanlega fyrir fund, og komi þeir aðeins í fylgd félagsmanns.*

*Leiðbeinandi skal vera viðstaddir hverja tilraun og hvetja sambandið ef þarf.*

*Takmarka eða hvetja spurningar gesta, setja fund og slíta.*

*Tilraunamennirnir komi undirbúnir til leiks.*

*Æskilegur fundartími er 1½ klukkustund.*

*Húsnæði félagsins er falt félagsmónum til sambands-tilrauna á öðrum dögum, eftir reglum á hverjum stað.*

*Upplýsingar:*

*Stjörnusambandsstöð sími 40769 virka daga kl. 6—8.*

*Nýalsbúð sími 20270 virka daga kl. 5—8.*

*Tillögur að reglugerð  
Húsnefnd.*

*Nefndin er til aðstoðar stjórn félagsins við rekstur  
húseignar félagsins.*

*Starfssvið.*

1. að sjá um daglegan rekstur hússins.
2. að greiða síma, rafmagn, hita og þrifnað.
3. að taka gjald fyrir notkun hússins.
4. að setja reglur um notkun hússins og sjá um að þeim sé framfylgt.
6. að sjá um sambandstilraunir 1 sinni í viku.
6. að leggja reikninga hússins fyrir gjaldkera, þegar hann óskar þess.

*Stjórn félagsins ákveður hverju sinni hvenær félags-  
sjóður bleypur undir bagga með rekstur og viðhald  
hússins.*

## *II. LANDEIGNANEFND:*

*Tillögur að reglugerð  
Landeignanefnd*

*Nefndin er til aðstoðar stjórn félagsins varðandi  
meðferð og umsjón félagsins að Gröf í Laugardal.*

*Starfsvið*

1. að sjá um að hagsmunir félagsins séu ekki fyrir bord  
bornir.
2. að flýta fyrir skiptingu landsins.
3. að sjá um meðferð kauptilboða, og frágang sölu-  
samninga.
4. að leggja hvert mál fyrir stjórn félagsins, sem skal  
leggja það fyrir félagsfund.
5. Nefndin sé kosin 1 ár í senn.

*Uppástunga um menn. 1. Benedikt Björnsson. 2.  
Guðmundur Jónsson, 3. Gunnar Grímsson. 1. varam.:  
Sigurður Benediktsson. 2. varam.: Þorsteinn Guðjónss.*

## *III. VERSLUNARNEFND:*

*Nefndin skal vera til aðstoðar stjórn félagsins við  
skipulag og rekstur bókabúðar á vegum félagsins.  
Verslunin verður í Nýalsbúð að Njálgsgötu 40 R.*

*Starfssvið nefndarinnar er sem hér segir:*

1. að kanna grundvöll sölubúðar á breiðum grundvelli.
2. að leggja drög að reglugerð fyrir sölustarfsemi.
3. að hanna innréttningar og frágang.

Nefndin skili áliti til stjórnar félagsins fyrir 22. ágúst 1978.

Uppástunga um menn: 1. Magnús Hall. 2. Þórhallur Sigmundsson 3. Helgi Guðlaugsson.

#### IV. PJÓÐFUNDANEFND:

Nefndin skal vera til aðstoðar stjórn félagsins við undirbúning og skipulag þjóðfundar um Nýalsmál. Starfssvið hennar er sem hér segir.

1. að kanna grundvöll fyrir þjóðfundi.
2. að safna saman erindum til flutnings og umræðu.
3. að ákveða fundarstað og tíma.
4. að skipuleggja áróður fyrir fundinn.
5. að vinna að hönnun á félagsmerki.

Nefndin skal skila áliti til stjórnar félagsins fyrir 19. september 1978.

Uppástunga um menn: 1. Páll Steinarsson 2. Halldór Vigfússon.

Páll Steinarsson talaði um sölu á ýmsum bókum, um fljúgandi diska, fyrirburðafræði o.fl. o.fl. Allar bækur sem Félag Nýalssinna hefur gefið út.

Guðmundur á Kópsvatni ræddi um verslunarleyfi og hvað slíkt leyfi mundi þurfa, ef selja ætti bækur.

Atli gat þess, að Halldór Vigfússon ætti hugmyndina að þjóðfundanefnd, en oft áður hefði reyndar verið talað um að halda þjóðfund Nýalssinna.

Tillaga kom um breytingu á húsnefnd á Álfhólsvegi 121, þannig: Porsteinn Guðjónsson komi í stað Gauts Porsteinssonar. Hafsteinn Jósefsson í stað Steingerðar Porsteinsdóttur. Voru þessar breytingar samþykktar.

Atli Hraunfjörð ræddi um upplýsingabækling sem ætlaður væri félagsmönnum.

Magnús Skarphéðinsson lagði til að stjórnin sæi um útgáfu lítils bæklings til upplýsinga fyrir félagsmenn um starfsemi þess o.fl.

## **Almenn mál.**

Pétur Gíslason kvað rétt að prenta í félagsblað ýmsar nytsamar upplýsingar um félagið og starfsemi þess.

Klappað var fyrir afmæli formanns *Atla Hraunfjörðs* að tilmælum Péturs Gíslasonar, en Atli á einmitt afmæli í dag.

Atli varð að yfirgefa fundarsalinn vegna þessa afmælis og bað hann Magnús Skarphéðinsson að taka að sér fundarstjórn.

*Magnús* gerði grein fyrir áætlaðri sumarferð í ágúst í nærsveitir, og tæki svo sem two til þrjá daga. Fara á föstudagi upp að Úlfsstöðum, og gista í Reykholti. Fara þaðan á laugardegi austur í Hreppa, hitta þar félaga, gista þar einhversstaðar. Fara svo næsta dag (sunnudag) að Heklu og síðan heim.

Pétur Gíslason kvaðst hafa farið í tvær ferðir með Náttúrufræðifélaginu í summar: fyrst út á Seltjarnarnes og í Elliðaey, síðan var næst farið í Rauðhóla. Pessar ferðir voru mjög áhugaverðar, og ættu Nýalssinnar að notfæra sér slíkar ferðir. Þessi ferð Nýalssinna í summar verður að hafa tilgang, og kynna sér náttúrufræði um leið.

*Magnús Skarphéðinsson* kvaðst í morgun hafa farið austur í Laugardal og skoðað land Félags Nýalssinna þar. Mældu þeir landið, og komust að þeirri niðurstöðu að mælingar og uppdrættir arkitektanna standast ekki, og er okkar svæði minna en teikningar sýna.

*Þorsteinn Guðjónsson* las upp grein eftir Þorbjörn Ásgeirsson: „*Sum veiki er sambandsveiki*“, og birtist í „Lífgeislum“, nr. 15, bls. 147 árið 1977.

Þorsteinn ræddi um efni greinarinnar á eftir og töku síðan fleiri til máls um þetta efni: Guðmundur Jónsson, Magnús Skarphéðinsson og Pétur Gíslason. Var góður rómur gerður að efni þessarar greinar, og þótti frásögn Þorbjarnar vera merkileg og fremur fátítt, að menn segðu sjálfir opinberlega frá eigin reynslu eins og hér hefur verið gert.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,00.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Félagsfundur 2. ágúst 1978

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 2. ágúst 1978 og hófst hann kl. 21,00.

Þorsteinn Guðjónsson setti fundinn og stjórnaði honum skv. beiðni formanns, Atla Hraunfjörðs, sem var veikur.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar, 5. júlí 1978, og var hún samþykkt.

Eftirfarandi aðilar sóttu um inntöku í Félag Nýalssinna:

Jóhannes Pálsson, Hvolsvelli.

Grétar Levi Jónsson, Breiðvangi 8, Hafnarfirði.

Helga Jóna Ásbjarnardóttir, Breiðvangi 8, Hafnarfirði.

Fundurinn samþykkti þessa umsækjendur sem félaga.

Sagt frá erlendum ritum um fyrirburðafræði og skyld mál á erlendum tungum. Þorsteinn Guðjónsson reifaði þessi mál og ræddi um þróun þessara og hliðstæðra mála í öðrum löndum. Í útvarkinu í kvöld var sagt frá því að rússneskur fyrirburðafræðingur hefði reynt að hafa áhrif á taflmennsku annars skákmannsins í heimsmeistaraeinvígi á Filipsejum. Og er allmerkileg frétt, að fyrirburðafræði skuli nú sett í samband við heimsviðburði. Þorsteinn gerði grein fyrir ritgerð, sem hann hefur samið og sent til margra vísindamanna erlends. Grein þessi hefur þegar vakið nokkra athygli. Eitt atriði í ritgerð Þorsteins fjallar um möguleika til brottfarar erlends hers af landi okkar. Ísland ætti að verða hernaðarlaust og leynimakkslaust land. Greinin fjallar um ráðstefnu fyrirburðafræðinga á Íslandi á sl. ári og þar segir frá draumi, Óðinstilraun, sem boðar brottför erlends hers héðan fyrir kraft fyrirburðafræðinnar.

Pétur Gíslason mælti á þessa leið: Þetta málefni sigrar á sama hátt og vísindin, þ. e. með því að skilningurinn taki stórt stökk fram á við. Þetta mun gerast smátt og smátt. Eðlisfræðin og efnafræðin hafa sameinast. Þekkingunni fleygir fram þegar fræðigreinar sameinast. Ég hef talað hér um frumatriði efnafræðinnar aftur og aftur. Frumatriði má ekki vanta. Byggja verður á réttum undirstöðum. Skilja verður hvað er aflsvæði, entelekhia.

Þorsteinn Guðjónsson svaraði Pétri nokkrum orðum og setti fram nokkur atriði, sem hann bað fundarmenn að taka til athugunar og ræða um:

1. Er aflsvæðið þegar til orðið vegna ráðstefnunnar sem hér var haldin sl. haust?

2. Vilja Nýalssinnar nýta þá möguleika, sem það afslvæði býður uppá?

3. Vilja Nýalssinnar auka þetta afslvæði og setja sér það markmið, að gera Ísland að herbúnaðarlausu og leynimakklausu landi?

4. Hvernig skal að fara?

a: Samþykkt einhvers hóps manna?

b: Útbreiðsla þessarar hugmyndar?

5. Ýmsar tillögur mættu koma fram um leiðir að þessu marki.  
*Sveinn Haraldsson* spurði, hvort ekki svo langt liðið síðan ráðstefnan var haldin, að áhrifin frá henni væru farin að dofnu.

*Þorsteinn Guðjónsson* svaraði: „Alls ekki, því að þeir sem nýlega hafa fengið fregnir af niðurstöðum þessarar ráðstefnu, hafa brugðist við eins og um nýja atburði væri að ræða“.

*Steingerður Þorsteinsdóttir* spurði: „Áttu við það, að Nýalssinnar myndi afslvæði um þetta máletfni?“

*Þorsteinn* svaraði því játandi, og bætti því við, að Nýalssinnar gætu þá notað þann kraft, sem skapast hefði á ráðstefnunni, til styrkingar slíku afslvæði.

*Ingvar Agnarsson* sagði: „Frá upphafi Félags Nýalssinna hefur það vakað fyrir félagsmönnum að eitthvað sérstakt gæti gerst á þennan hátt. Ég álít að Nýalssinnar ættu einmitt að notfæra sér þann kraft, sem myndast hefur vegna ráðstefnunnar. Ég hvet eindregið til stuðnings um þetta mál“.

*Þorsteinn* lagði þar næst til að frekari umræðum um þetta mál verði frestað til næsta fundar, og var það samþykkt.

*Magnús Skarphéðinsson* kvaðst ekki hafa skilið útskýringar Þorsteins til hlítar, og reyndi Þorsteinn að gefa honum nánari skýringar á aðalatriðum málsins.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 22,40.

Fundinn sóttu 8 manns.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Pórarinn Helgason frá Pykkvabæ. — Minning.

Fæddur 2. ágúst 1900. — Dáinn 9. apríl 1978.

Pað mun hafa verið um 1960, að ég átti eitt sinn leið á opinberan stað í fylgd með mér eldri manni — og voru viðtökur ekkert alltof vinsamlegar eins og verða kann — en erindi félaga míns var að lesa upp ritgerð dálítið sérstaks efnis, eftir því sem þá gerðist. Af einhverri tilviljun og eiginlega gagnstætt reglum og venjum, lenti þarna hjá okkur maður, sem kominn var þarna í svipuðum erindum. Átti hann strax orðaskipti við okkur og talaði til okkar heldur óþýðum orðum, í samræmi við þann anda sem var ríkjandi. En þegar lesturinn hófst, og fram í hann sótti, breyttist svipur hins ókunna áheyrandi, og um það er lauk þakkaði hann fyrir lesturinn, og sagðist nú hafa aðrar skoðanir á þessu efni en hann hafði aður haft. Skildumst við með vinsemd og varð þessi fundur okkur öllum minnisstæður, eins og við höfum síðar rifjað upp. En það man ég bezt hve sannfærður ég var um að þarna hefðum við hitt á merkilegan mann — mann sem gat breytt skoðun sinni eftir því sem hann sjálfur heyrði og sá, og hafði það andlega sjálfstæði sem þarf til þess að taka til greina röksemadir og sannanir. En slíkur maður var Pórarinn Helgason, bóndi og rithöfundur frá Þykkvabæ í Landbroti, og það var hann sem við Þorsteinn á Úlfsstöðum kynntumst á þennan eftirminnilega hátt árið 1960 (eða '61).

Mörgum árum síðar átti ég eftir að kynnast Pórarni mjög vel, og tel ég það eitt mesta happ ævi minnar að svo varð. Ég kom nokkuð oft á heimili þeirra Halldóru að Laugarnesvegi 64 og kunni vel að meta þann anda stillingar og hófsemi, sem þar ríkti, og mér þótti gott að ræða við húsráðendur. Þessi hýri og bjartleiti oldungur, sem verið hafði skörungur meðal bænda í sínu byggðarlagi og í félagsmálum bænda á Suðurlandi yfirleitt, brást ekki þeim fyrstu kynnum sem ég hafði af honum haft. Trausti og tryggð stafaði frá honum; hann var glæðvar maður og skemmtilegur, og hann hafði stórhug til að bera í ríkum mæli. Að hlutirnir, og tilveran yfirleitt, verði að vera smáir, var ekki eftir hans höfði, en

hitt vissi ég ekki fyrr en undir það síðasta, hve glögglega hann hafði gert sér grein fyrir ástæðum mínum ýmsum og leitazt við að bæta þar úr eftir því sem hann megnaði. Pórarinn var slíkur heilhugi, að það sem á annað bord snart hann, gat hann með engu móti látið hlutlaust og afskiptalaust. Hann var drengur góður, eftir því sem hinir fornu landnámsmenn Íslands tóku til orða, enda er ég viss um, að hefðu þeir menn mátt líta hingað um daga Pórarins þá hefðu þeir þekkt í honum sannan arftaka beztu eiginleika sinna. „Petta var sæmdarmaður“, sagði kona við mig við minningaráthöfnina, sem þekkti hann frá fornu fari, og var auðfundíð að hjá henni fylgdi hugur máli. En annars þekkti ég aðeins örftátt af því svipmikla fólki sem fjölmennti til minningaráthafnarinnar hér syðra, og hefur trúlega verið Skaftfellingar flest, en meðal þeirra hafði hann lifað og starfað og var runninn af þeirra ættarrót. — Banalega hans var löng og hörð, og bar hann slíkt með þeirri karlmennsku sem undrun vekur og aðdáun.

Pórarinn Helgason var rithöfundur jafnframt því sem hann var bóndi. Meðferð hans á íslenzku máli var meðal þess, sem bezt gerist, og frásagnarháttur hans var slíkur, að það var mjög auðvelt að festa hugann við efnið, enda mun hann hafa átt marga þakkláta lesendur. Víðlesnast rita hans mun vera *Saga Lárusar á Klaustri*, en meðal síðustu rita hans var skáldsaga hans um *Una danske*. Nýprentuð er bók sem kom út undir nafninu: *Leikir og störf hjá Almenna bókafélaginu*.

Um ætt og uppruna Pórarins og æviferil hans í heild veit ég minna en skyldi, og vænti ég þess að aðrir geri því betri skil.

Ég vil að lokum senda Halldóru ekkju Pórarins og öðrum að standendum hans kveðju mína.

*Porsteinn Guðjónsson.  
(Mbl. 9/5 1978).*

## TIL LESENDA FÉLAGSBLAÐS NÝALSSINNA:

Tilgangur Félagsblaðs Nýalssinna er m. a. sá, að veita félögum ýmsar upplýsingar um það, sem helst er að gerast hverju sinni í starfsemi félags okkar, og um eitt og annað, er snertir þau málefni, sem við kennum okkur við.

Allir félagar í Félagi Nýalssinna vilja framgang Nýalsstefnunnar sem mestan. Allir, sem ganga í félagið, eru því með nokkrum hætti að styðja þetta málefni. Enda þörfir brýn, að sem flestir leggist á eitt, með að afla málefnum fylgis, og að kynna öðrum undirstöðuatriði hins Nýalska heimsskilnings.

### LÍFGEISLAR.

Í þeim tilgangi m. a. hefur tímaritið *Lífgeislar* verið gefið út undanfarin ár. Allir félagsmenn ættu helst að vera áskrifendur þess, og þyrftu einnig að reyna að afla því sem flestra áskrifenda, utan raða félagsmanna.

### ÚTGÁFA BÓKA.

Nokkrar bækur hafa verið gefnar út undanfarin ár, í þeim tilgangi að afla málefnum fylgis og skilnings. Þessar bækur eru:

Líf er á öðrum stjörnum, eftir Þorstein Guðjónsson, útg. 1973.

Astrobiology (á ensku), eftir Þorstein Guðjónsson, útg. 1976.

Guðirnir á Sírfusi, eftir K. O. Schmidt, þýtt af Þorsteini Guðjónssyni, útg. 1978.

Draumar og svefn, eftir Þorstein Jónsson, útg. 1975.

Bækur þessar mætti panta hjá Félagi Nýalssinna, Pósthólf 1159, eða í síma 40765. Einnig í síma 41006.

Vil ég mjög hvetja þá félagsmenn, sem enn hafa ekki aflað sér þessara bóka, að eignast þær og lesa, og að stuðla að því, að sem flestir aðrir kaupi þær.

### BREYTT HEIMILISFÖNG.

Mjög er nauðsynlegt að móttakendur félagsblaðsins tilkynni um breytt heimilisföng ef bústaðaskipti verða. Því aðeins getur blaðið borist þeim skilvíslega.

Með bestu kveðjum,

*Ingavr Agnarsson.*

## **EFNISYFIRLIT:**

Suttungamjöður (Sjá forsíðumynd) I. A. ..... Bls. 22

## **FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:**

Framhaldsaðalfundur 3. maí 1978 ..... — 23

Félagsfundur 7. júní 1978 ..... — 27

Félagsfundur 5. júlí 1978 ..... — 30

Félagsfundur 2. ágúst 1978 ..... — 35

Minning: Pórarinn Helgason frá Þykkvabæ ..... — 37

Til lesenda Félagsblaðs Nýalssinna I. A. ..... — 59

---

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar  
kl. 9 e. h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.